



Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2024-2025

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Gæðastefna og gæðamarkmið.....	4
Niðurstöður helstu sjálfsmatspáttanna.....	4
Áfangamat	4
Samantekt á áfangamati allra kennara á haustönn 2024 og vorönn 2025 – helstu niðurstöður	5
Starfsmannasamtöl	5
Rýni kennsluáætlana	5
Framkvæmd kennslu, miðannarmat, lokamat	6
Rýni námsmatsverkefna (próf og símatsverkefni).....	6
Rýni skólameistara og deildarstjóra á starfi deilda.	6
Móttaka nýnema á haustönn 2024 og nýnemakönnun	7
Helstu niðurstöður nýnemakönnunar haustið 2024	7
Móttaka nýrra kennara og úttekt á móttöku þeirra.....	9
Stofnun ársins.....	10
Brottfallsgreining.....	11
Náms- og starfsráðgjöf	11
Sálfræðingur	12
Hjúkrunarfræðingur.....	12
Frábrigði, ábendingar	12
Gæðakerfi matvælahluta MK, HACCP	12
Innkaupaeftirlit.....	13
Græn skref.....	13
Húsnæði skólans.....	13
Lokaorð.....	14

Formáli

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Ennfremur ber framhaldsskólum að vinna stöðugt að umbótum og auknum gæðum ásamt því veita hlutaðeigendum upplýsingar um skólastarfið.

Gæðamál Menntaskólans í Kópavogi byggja á þremur gæðakerfum sem skólinn rekur. Þau eru ISO 9001:2015 (almennur rekstur), ÍST 85:2012 (jafnlaunavottun) og svo HACCP gæðakerfi fyrir matvælahluta skólans. Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi gera ráð fyrir stöðugu innra mati, eftirliti og umbótum í starfi skólans. Stöðugt er unnið að bættri virkni gæðakerfa með því að beita gæðastefnunni, gæðamarkmiðum, niðurstöðum úttekta, greiningu gagna, úrbótum, forvörnum og rýni stjórnenda.

Gæðamál Menntaskólans í Kópavogi eru unnin af verkefnastjóra gæðamála undir forystu skólameistara. Innan ramma gæðakerfanna er unnið sjálfsmat og fylgst með ánægju viðskiptavina hvað varðar kennslu, námsárangur, stjórnun, samskipti og líðan nemenda og starfsfólks. Þetta er gert með því að standa að áfangamati, könnunum og öðrum þeim athugunum sem nauðsynlegar kunna að þykja. Þá fylgir skólameistari og verkefnastjóri gæðamála því eftir að viðeigandi stjórnendur taki saman upplýsingar um endurgjöf frá viðskiptavinum, svo sem ábendingar, kvartanir og viðhorf viðskiptavina.

Fyrir Menntaskólann í Kópavogi eru gæðastjórnunarkerfi einskonar leiðarvísir um allt starf skólans og tryggir að starf innan hans haldist heilsteypt þegar breytingar á því eru skipulagðar og innleiddar.

Sú sjálfsmatsskýrsla sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið innan Menntaskólans í Kópavogi skólaárið 2024– 2025.

Gæðastefna og gæðamarkmið

Rammi að gæðastarfi MK er settur annarsvegar í [gæðastefnu](#) skólans og hinsvegar í [gæðamarkmiðum](#) MK. Þessi stefnuskjöl (STS-003 og STS-007) má nálgast á heimasíðu skólans. Almennt eru í gæðamarkmiðum sett mælanleg markmið sem eru yfirfarin á rýnifundi gæðaráðs við lok hvers skólaárs. Gæðamarkmiðin taka á þáttum á borð við fjárhagslegan rekstur skólans, lágmarksárangur kennara út úr áfangamati, fall í einstökum áföngum, brotthvarfi nemenda og óútskýrðum launamun kynja.

Niðurstöður helstu sjálfsmatsþátta

Áfangamat

Áfangamat er framkvæmt í öllum kenndum áföngum skólans. Þetta hefur verið gert síðan árið 2021 en fyrir þann tíma voru valdir áfangar teknir út á hverri önn. Við breytinguna 2021 var áfangamatið einfaldað og spurningum fækkað til muna.

Heildarfjöldi metinna námshópa á haustönn 2024 var 257. Fjöldi mögulegra svara var 5.800 en alls bárust 3.236 svör sem samsvarar 56% svörun. Á vorönn 2025 voru 253 námshópar metnir og fjöldi mögulegra svara var 5.570 en alls bárust 1.765 svör þ.e. tæplega 32% svörun. Miðað við svörunina úr áfangamatinu er ljóst að fyrra fyrirkomulag var skilvirkara þar sem hver áfangi var metinn á þriggja anna fresti. Áfangamatinu var fylgt eftir með starfsmanni sem fór í kennslustofur og aðstoðaði við framkvæmdina. Síðustu ár hefur könnunin verið í INNU og nemendur reglulega minntir á að svara henni. Betri svörun fæst þegar könnunin er framkvæmd í kennslustund og færri áfangar metnir hverju sinni. Fyrirkomulag áfangamats var því endurskoðað á skólaárinu og rýnihópur kennara settur saman til að endurskoða það. Auk þess fékk hópurinn það verkefni að endurskoða og rýna allt innra mat skólans. Hópurinn hefur skilað inn tillögum að umbótum til stjórnenda sem unnið verður úr á næsta skólaári.

Spurningarnar í áfangamatinu snúa annarsvegar að nemandanum sjálfum en hinsvegar að kennaranum. Allir kennarar sem eru í áfangamati fá sína niðurstöðu sundurliðaða og fá þannig mat nemenda á kennslunni, námsefni, skipulagi og samskiptum við nemendur. Fari heildarmat kennara niður fyrir 4 á Likert - kvarða skulu kennari og skólameistari skv. gæðamarkmiðum skólans gera með sér sérstaka umbótaáætlun. Likert - kvarðinn er uppbyggður á eftirfarandi hátt:

5 = Frábær

4 = Góður

3 = Hvorki né

2 = Ekki nógu góður

1 = Ófullnægjandi

Samantekt á áfangamati allra kennara á haustönn 2024 og vorönn 2025 – helstu niðurstöður

Heildareinkunn fyrir frammistöðu kennara og heildareinkunn áfanga helst svipuð milli anna og hefur einnig gert það á milli ára. Nemendur gefa í 89% tilfella kennurum einkunnina „frábær“ eða „góður“ á haustönn 2024 eða 4,41 á Likert - kvarða. Á vorönn 2025 fá kennarar einkunnina „frábær“ eða „góður“ í 86% tilfella eða 4,31 á Likert - kvarða.

Heildareinkunn fyrir áfanga á haustönn 2024 var í 86% tilfella „frábær“ og „góður“ eða 4,22 á Likert kvarða. Á vorönn 2025 var heildareinkunnin „frábær“ eða „góður“ í 83% tilfella eða 4,15 á Likert - kvarða.

Þegar kemur að mati nemenda á eigin frammistöðu í námi, skipulagi og framkomu í áfanganum þá er það svipað á milli ára. Nemendur meta frammistöðu sína frábæra eða góða í 83% tilfella bæði á haustönn 2024 og vorönn 2025. Af þessu má draga þá ályktun að nemendur eru almennt ánægðir með kennara sína og eigin frammistöðu í námi. Þess ber að geta að nemendur eru óhræddari í dag en áður að láta í ljós ef þeir eru óánægðir með kennara, kennsluhætti o.fl. Þetta kemur meðal annars fram í athugasemdum í áfangakönnuninni, tölvupóstum og í viðtölum þeirra við skólastjórnendur.

Þó að meðaltalið sé yfir viðmiðum skv. gæðamarkmiðum voru tveir kennarar undir viðmiðum. Umbótaáætlun var gerð og fengu viðkomandi kennarar handleiðslu í kjölfarið.

Til þess að styrkja kennara enn frekar í starfi er starfræktur starfsrýnihópur, sem öllum býðst að taka þátt í. Kennarar hafa verið hvattir til að kynna sína endurmenntun, kennsluhætti og námsmatsform á kennarafundum. Þetta er liður í því að halda lærdómssamfélaginu í skólanum virku.

Starfsmannasamtöl

Frammistöðumat starfsmanna skal fara fram með skipulögðum hætti í samræmi við VKL-205 um frammistöðumat starfsmanna, LSM-001 um starfsmannaviðtöl og GAT-017 starfsviðtals form. Á síðasta skólaári voru samtöl ekki með skipulögðum hætti heldur var brugðist við eftir þörfum. Á næsta skólaári er markmiðið að fækka áföngum í áfangamati svo tími gefist til að taka kennara í frammistöðuviðtöl. Samkvæmt verklagsreglu eru almennir starfsmenn teknir í viðtal eftir þörfum en á næsta skólaári verður sett upp áætlun um viðtöl við stjórnendur.

Rýni kennsluáætlana

Kennsluáætlanir eru hluti af skipulagi kennslunnar sbr. verklagsreglu VKL-301 um kennslu áfanga. Kennsluáætlanir eru samræmdar (GAT-045-kennsluáætlun) fyrir alla áfanga sem eru kenndir í skólanum þar sem námið er skipulagt fyrir hverja viku annarinnar auk þess sem þar koma fram upplýsingar um námsefni og námsmat. Kennsluáætlanir eru vistaðar í skjalakerfi skólans.

Framkvæmd kennslu, miðannarmat, lokamat

Framkvæmd kennslu fer eftir verklagsreglu VKL-106 um heildarstjórnun náms. Á miðri önn meta kennarar framgang kennslunnar í hverjum námshópi í samráði við deildarstjóra og skila um það skýrslu (GAT-020 miðannarskýrsla kennara) til verkefnastjóra gæðamála. Áhersla er lögð á að skoða framvindu áfangans m.t.t. kennsluáætlunar, kennsluaðstöðu og búnaðar. Ef úrbóta er þörf í einstökum hópum er gripið til aðgerða í samræmi við aðstæður hverju sinni. Miðannarskýrslur eru vistaðar í skjalakerfi skólans.

Í lok annar leggur kennari mat á kennslu sína í áfanganum, s.s. hvað gekk vel og hvað þarfnast úrbóta, jafnframt því að rýna niðurstöður úr námsmati. Áfangaskýrslur eru vistaðar í skjalakerfi skólans.

Hver deild ber ábyrgð á að bregðast við og meta hvort endurbóta sé þörf.

Rýni námsmatsverkefna (próf og símatsverkefni)

Kennarar eru ábyrgir fyrir námsmati í sínum áföngum og ber að útbúa próf skv. VKL-306. Kennarar fara með lokapróf til yfirlestrar til prófarkalesara sem fylgist með að öll próf í próftöflu komi tímanlega til yfirlestrar. Eins er farið með próf nemenda með sérþarfir s.s. vegna lesblindu.

Prófarkalesari les öll lokapróf sem lögð eru fyrir í skólanum, bæði aðalpróf og sjúkrapróf. Yfirlasari aðgætir að útlit prófa sé samræmt, að vægi við hverja spurningu sé rétt, stigafjöldi réttur og forsíða skv. reglum þar um. Hann fer yfir málfar og stafsetningu og kennari hlítir ábendingum hans (sbr. LSM-004).

Að loknum prófum eru niðurstöður námsmats úr einstökum áföngum rýndar af deildarstjórum, bornar saman við niðurstöður fyrri anna og ræddar á deildarfundum. Deildarstjóri heldur fundargerð og vistar á sameiginlegri möppu á Teams. Sýni námsmat einstakra áfanga 30% fall eða meira skal það skoðað sérstaklega af kennara og gerir hann grein fyrir þeirri rýni í áfangaskýrslu. Í einstaka áföngum var fall meira en 30%. Kennarar hafa rýnt niðurstöðurnar og vinna að úrbótum m.a. með því að endurskoða námsmat, kennsluhætti og námsefni.

Rýni skólameistara og deildarstjóra á starfi deilda.

Stefnt er að því að deildarstjórar fari í viðtal til skólameistara í lok annar. Þar skal fara yfir niðurstöður námsmats og almennt starf á önninni. Skólameistari heldur fundargerð yfir þennan rýnifund - sérstaka samantekt (GAT-043). Í þessari samantekt kemur m.a. fram: markmið deildarinnar, kennarar deildarinnar og helstu breytingar á kennaraliði, kenndir áfangar og helstu breytingar á kenndum áföngum, sérstök verkefni eða atburðir á önninni, umfjöllun um sérstakar deildir eða hópa innan fagsins, samstarf í deildinni við atvinnulíf eða erlent samstarf o.fl., mat deildarstjóra á starfinu og svo verkefni til úrlausnar.

Deildarstjórar fara yfir niðurstöður námsmats og greina frá umbótaáætlun ef þörf er á.

Rýni skólameistara fór ekki fram á síðasta skólaári en stefnt er að slíkri rýni í desember 2025.

Móttaka nýnema á haustönn 2024 og nýnemakönnun

Stöðugar umbætur eru við skipulagningu móttöku nýrra nemenda við MK. Þróaðar hafa verið verklagsreglur og gátlistar í framhaldi af rýnivíðtölum við fulltrúa einstakra stoðsviða skólans vegna móttökunnar.

Haustið 2024 mættu nýnemar á kynningarfund fyrir upphaf kennslu. Á kynningarfundinum voru stjórnendur, stoðteymi og félags- og forvarnarteymi skólans kynnt. Tölvuumsjónarmenn aðstoðuðu nemendur við að sækja notendanafn og lykilorð í tölvukerfi skólans. Eftir kynninguna hittu nýnemar umjónarkennara sinn sem fór yfir ýmis hagnýt atriði varðandi námið og skólann. Kynningin tókst vel en tölvuaðstoðin þarfnast endurskoðunar þar sem ógerningur er að aðstoða alla nýnema á sama tíma.

Á hverju hausti er gerð sérstök nýnemakönnun þar sem nýnemar eru spurðir álits á móttöku og fyrstu vikunum í skólanum. Haustið 2024 var tekin upp sú nýbreytni að gera tvær nýnemakannanir. Sú fyrri í september þar sem farið var yfir ánægju með kynningarfund nýnema, nýnemaferð, nýnemakvöld og nýnemaball. Alls bárust 223 svör sem er 85% svarhlutfall.

Seinni nýnemakönnunin var gerð í nóvember og þá var spurt út í nokkra lykilþætti í náminu, s.s. nýtingu á verkefnatímum, þjónustu námsráðgjafa og umsjónakennara ásamt tölvulæsi nemenda. Alls barst 161 svar sem er 62% svarhlutfall. Áberandi er hvað svarhlutfall var hærra í fyrri könnun og því þarf að skoða betur hvað veldur, t.d. framkvæmd fyrirlagnar, tímasetning o.fl.

Helstu niðurstöður nýnemakönnunar haustið 2024

Tæplega þriðjungi svarenda eða 28,3% fannst nýnemadagurinn ekki gagnlegur. Þessar niðurstöður kalla því á frekari endurskoðun á móttöku nýnema í skólanum.

Eins og fram hefur komið gekk brösuglega að aðstoða þann fjölda nýnema sem komu í skólann haustið 2024 við að tengjast neti skólans og við uppsetningu á nauðsynlegum forritum. Til þess að bregðast við þessu var ákveðið að haustið 2025 fengju nemendur sendar tölvuleiðbeiningar áður en þeir mættu í skólann, upplýsingar varðandi lykilorð og tengingar og auk þess var ákveðið að bjóða nemendum að koma degi fyrir í skólann og fá aðstoð varðandi tölvumál.

Fleiri nemendur tóku þátt í nýnemaferðinni haustið 2024 en árið áður. Um sambærilegar ferðir var að ræða þ.e. farið var í dagsferð. Meirihlutanum (79%) fannst ferðin „skemmtileg“ eða „allt í lagi“. Nemendafélagið stóð fyrir dagskrá sem hefði mátt vera skipulagðari og fjölbreyttari. Í framhaldi var ákveðið að auka stuðning við nemendafélagið við skipulagningu viðburða. Í stað þess að hafa einn félagslífsfulltrúa verður stofnað teymi kennara til þess að styðja betur við stjórn nemendafélagsins. Þetta teymi mun halda utan um áfangana LEIÐ1AA03 og LEIÐ1AB03 (Leiðtogahæfni) þar sem stjórn NMK fær leiðsögn um skipulagningu viðburða, fjármálastjórn og fleira.

Haustið 2024 var haldið nýnemakvöld í fyrsta sinn í skólanum og því var nýrri spurningu bætt við nýnemakönnunina sem tengdist því. Meirihluti þeirra sem mættu á nýnemakvöldið þótti það „skemmtilegt“ eða „allt í lagi“. Hins vegar mætti 55,6% svarenda ekki á nýnemakvöldið. Tæplega 31% nýnema mætti heldur ekki á nýnemaballið og því mikilvægt að skoða hvernig hægt er að koma betur til móts við þennan hóp. Um helmingur bóknámsnemenda er á afreksípróttasviði og e.t.v. má draga þá ályktun að sá hópur sé upptekinn seinni hluta dags og fram á kvöld við æfingar og keppni og mæti því síður á viðburði að kvöldlagi. Það er mikilvægt að taka mið af þessum niðurstöðum þegar félagslíf nemenda er skipulagt með t.d. fleiri viðburðum innan skólans og á skólatíma. Markmið skólans er að allir nemendur skólans geti tekið þátt í félagslífinu. Þess ber að geta að 93% þeirra sem mættu á nýnemaballið þótti það „skemmtilegt“ eða „allt í lagi“.

Helstu niðurstöður úr seinni nýnemakönnuninni gefa til kynna að meirihluti nemenda telur sig skipuleggja nám sitt „vel“ eða „mjög vel“ á fyrstu önn sinni í framhaldsskóla. Nýrri spurningu um verkefnatíma var bætt inn í könnunina. Tæplega 35% nýnema telja sig nýta verkefnatímana „alltaf“ eða „oftast“ og tæplega 40% segist „stundum“ nota þá. Áhugavert er að bæta við spurningu um í hvaða námsgreinum nemendur eru helst að nýta sér verkefnatímana.

Nemendur MK eru með umsjónarkennara fyrstu tvö árin sem þeir hitta vikulega í kennslustund. Umsjónarkennarar undirbúa og aðstoða umsjónarnemendur sína einnig við áfangaval. Tæplega 57% svarenda finnst umsjónartímarnir „mjög gagnlegir“ eða „frekar gagnlegir“. Skoðað verður með umsjónarkennurum hvernig hægt er að betrumbæta áfangann haustið 2025.

Almennt telja nýnemar sig vera tölvufæra og að þeim gangi vel að nota þau forrit sem skólinn notast við, eins og INNU, Moodle, OneDrive, Word og Powerpoint. Hins vegar eru þeir ekki eins öruggir þegar kemur að Teams og Excel og er það í samræmi við það sem kennarar hafa bent á. Upplýsingatækniáfangi var í boði sem valáfangi haust 2024 og vor 2025 fyrir alla bóknámsnemendur en aðsókn var ekki næg til þess að áfanginn væri kenndur. Markmiðið er að kennarar aðstoði nemendur með Teams og munu þeir fá stuðning við það á næsta skólaári. Allir bóknámsnemendur þurfa að taka áfangann STÆR2BB05 þar sem þeir læra meðal annars á Excel.

Það lítur út fyrir að nýnemar hafi dregið verulega úr því að borða í mötuneyti skólans á milli ára. Haustið 2023 svöruðu 40% nýnema að þeir hefðu „sjaldan“ eða „aldrei“ borðað í mötuneyti skólans en haustið 2024 voru þau tæp 94% sem sögðust „sjaldan“ eða „aldrei“ borða í mötuneyti skólans. Þetta voru 151 nemandi af þeim 161 sem tóku þátt í könnuninni. Það er mikilvægt að rýna betur í þessar niðurstöður. Ástæðurnar geta verið fleiri, hugsanlega koma þau með nesti með sér í skólann eða kaupa matvæli í sjálfsölum. Það er mikilvægt að endurskoða spurningar um mötuneyti fyrir næstu nýnemakönnun til þess að hægt sé að rýna betur niðurstöðurnar.

Varðandi líðan nemenda þá er svörunin svipuð milli ára en rúmlega 90% segist líða „mjög vel“ eða „vel“ í MK. Og rúmlega 98% segjast eiga vini í skólanum. Meirihluti nemenda myndu mæla með MK við aðra og eru þær niðurstöður svipaðar á milli ára.

Auk framangreindra kannana tóku nemendur á þriðja ári á afrekssviði skólans þátt í skólaþingi. Þingið var sett upp eins og World Café sem er öflug og skapandi aðferð til að efla samræður þátttakenda. Borðstjórar voru 10 úr kennarahópnum og voru u.þ.b. sex nemendur í hverjum hópi. Hvert borð var með afmarkað umræðuefni. Hóparnir færðu sig svo á milli borða til að taka þátt í fleiri umræðuefnum.

Umræðuefnin voru: umsjón og stuðningur, félagslíf og skólastolt, nám og tækifæri, íþróttaiðkun og árangur, aðstaða í námi og íþróttum.

Helstu niðurstöður voru þær að nemendur upplifa almennt góðan skilning og stuðning til að samræma nám sitt og íþróttir. Bentu þó á að það væri í einhverjum tilfellum misræmi á milli kennara hvað sjúkrapróf og verkefnaskil varðar. Almennt talið voru nemendur mjög ánægðir með verkefnatímana og nýttu þá m.a. til að taka sjúkrapróf eða fá aðstoð við verkefni sem unnin voru í tímum sem þeir misstu af vegna íþróttæfinga og/eða æfinga- og keppnisferða.

Nemendur eru hlynntir svokölluðu sleppikerfi, þ.e. að nemandi þurfi ekki að taka lokapróf í lok annar hafi hann náð einkunninni 8 eða hærri yfir önnina. Einnig óskuðu nemendur eftir því að fleiri áfangar yrðu eingöngu símatsáfangar, þ.e. án lokaprófs í próftöflu. Í skólanum er fjölbreytt námsmat sem mikilvægt veganesti fyrir háskólanám.

Nemendur afrekssviðs höfðu sterkar skoðanir á félagslífinu og kom m.a. í ljós að þeir hafa hvorki tíma né áhuga á dansleikjum né öðru félagslífi utan skólatíma. Aðalástæðan fyrir því eru æfingar utan skólatíma, keppnir og þreyta. Þess í stað myndu þeir gjarnan vilja fleiri viðburði á skólatíma, fleiri viðburði tengda mismunandi íþróttaleikjum, leikherbergi í skólanum og betri aðstöðu til þess að hangsa og spjalla. Eins og fyrr segir er áætlað að stofna félagslífsteymi til þess að skipuleggja fjölbreyttara félagslíf í samvinnu við stjórn nemendafélagsins.

Nemendur kvörtuðu undan því að hafragrautur væri ekki lengur í boði á þriðjudögum og fimmtudögum en þá hefst kennsla almennt ekki fyrr en klukkan tíu. Aðra daga hefst kennsla klukkan 8:20 og þá er hafragrautur í boði, nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur óskuðu einnig eftir vatnsglösum, koffíndrykkjum og núðlum til sölu í mötuneyti. Auk þess bentu nemendur á að mánaðaráskrift eða klippikort í mötuneyti væri kostur sem hugnaðist þeim.

Niðurstöður nýnemakönnunar og skólaþings benda til að skoða þurfi betur fyrirkomulagið í mötuneyti en ljóst er að ekki er hægt að verða við öllum óskum nemenda.

Móttaka nýrra kennara og úttekt á móttöku þeirra

Við móttöku nýrra kennara er unnið samkvæmt skipulagi í samræmi við ISO verklagsreglur VKL-206 og gátlista um móttöku nýrra kennara/starfsmanna (GAT-017 Móttaka nýrra kennara). Nýir kennarar á haustönn 2024 voru fimm en fjórir nýir

kennarar komu til starfa á vorönn 2025.

Nýir kennarar mæta á eins dags námskeið við upphaf starfa sinna í MK og er þá farið sérstaklega yfir stefnu og stjórnun skólans, gæðamál, kennslu og húsnæði. Starf umsjónarkennara og námsráðgjafa er kynnt og farið er yfir skólareglur. Þá er gerð grein fyrir námsframboði, öryggismál tekin fyrir og tölvunotkun kynnt (INNA, Moodle og raftöflur.)

Nýir kennarar fá mentor fyrstu önnina í starfi í MK. Hlutverk mentors er að vera nýjum kennara innan handar með óformlegum hætti og styðja á nýjum starfsvettvangi.

Eftir u.þ.b. sex vikna starf eru nýir kennarar kallaðir til rýnifundar þar sem rætt er einslega við hvern og einn þeirra, farið yfir móttökuferlið og reynt að bæta úr ef eitthvað er ekki fullkomlega skýrt fyrir hinum nýja kennara. Í viðtölunum skólaárið 2024 – 2025 kom helst fram að flestum liði vel á nýjum starfsvettvangi og að vel hefði verið tekið á móti þeim. Hins vegar þótti nýjum kennurum að hugsanlega mætti formgera örlítið betur mentora hlutverkið þar sem þeim þótti í sumum tilfellum erfitt að vera alltaf að leita til sama aðila eftir aðstoð og þá kom einnig í ljós að mentorarnir voru eins ólíkir og þeir eru margir. Í kjölfar þessarar ábendingar var hafist handa við að útbúa gátlista fyrir mentora og nýja kennara til að tryggja samræmi og að kerfið yrði formlegra og skilvirkara.

Stofnun ársins

Stofnun ársins, starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis, fór fram haustið 2024. Könnuninni er skipt upp í eftirfarandi þætti: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, jafnrétti, ánægja og stolt. Niðurstöður voru kynntar á hátíð Sameykis 13. febrúar 2025 og lenti MK í öðru sæti í flokki stórra ríkisstofnana með 90 starfsmenn eða fleiri. Skólinn fékk jafnframt titilinn Fyrirmyndarstofnun 2024. Heildareinkunn MK var 4,33 af 5,00 og var sérstaklega ánægjulegt að sjá að MK kom best út í stjórnun í sínum flokki með einkunnina 4,47. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru aðgengilegar í heild sinni á vef Sameykis <https://www.sameyki.is/kannanir/stofnun-arsins-2024/>

Þess ber að geta að umtalsverður árangur hefur náðst frá mælingu árið 2021. Þessi viðurkenning er sönnun þess að MK er leiðandi vinnustaður þar sem vel er haldið utan um mannauðinn og starfsfólk finnur fyrir metnaði og virðingu. Hjartað slær svo sannarlega í MK.

2020	2021	2022	2023	2024
3,66	3,59	4,04	4,20	4,33

Brottfallsgreining

Áfangastjóri heldur utan um brottfallsgreiningu þar sem ástæður fyrir brotthvarfi bóknámsnemenda eru útskýrðar.

Á haustönn 2024 voru 11 nemendur sem hættu námi við MK. Einn fór í annan skóla, sex var vísað úr námi vegna brots á mætingarreglum, einn fór að vinna og þrír gáfu upp persónulegar aðstæður s.s. líkamleg eða andleg veikindi.

Á vorönn 2025 hættu 15 nemendur námi. Einn fór í annan skóla, fjórir fóru á vinnumarkað, tveimur fannst námið of erfitt eða sáu ekki tilgang með því, átta tilgreindu persónulegar aðstæður s.s. andleg eða líkamleg veikindi.

Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2024-2025 voru þrír starfandi náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi í Menntaskólanum í Kópavogi (MK). Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er fyrst og fremst að vera talsmenn nemenda og hugsa um þeirra hagsmuni. Náms- og starfsráðgjafar þjónusta alla nemendur skólans, en um fjölbreyttan nemendahóp er að ræða. Náms- og starfsráðgjafar vinna náið með umsjónarkennurum.

Náms- og starfsráðgjafar fengu kynningu á verkefninu Sprettur, en markmið verkefnisins er að styðja við nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum, sem eru með lítinn námslegan og fjárhagslegan stuðning, minnka líkur á brotthvarfi og styðja leið þeirra til háskólanáms. Verkefnastjóri Sprettis hafði samband við náms- og starfsráðgjafa varðandi styrk sem hann var að sækja um fyrir verkefninu og vildi bjóða MK að vera með í að þróa Mentorakerfi í MK. Til stendur að fara í slíka í vinnu í haust.

Töluvert var um að nemendur í 10. bekk kæmu í viðtal, sérstaklega á vorönn en þá var oftast um að ræða nemendur sem vildu fá skólavist í MK skólaárið 2025-2026.

Náms- og starfsráðgjafar halda utan um ástæður viðtala og var algengast að nemendur kæmu vegna áfangavals. Önnur ástæða var persónulegur vandi nemenda, en í þeim tilfellum geta verið ýmsar ólíkar ástæður fyrir því að nemendur leiti til námsráðgjafa, allt frá því að missa nákominn ættingja/vin, andlegir erfiðleikar eða erfiðleika heima fyrir, svo fátt eitt sé nefnt. Þriðja helsta ástæða viðtala var vegna námsferils, en í þeim tilfellum eru nemendur oftast að leita svara við því hve langan tíma það muni taka þá að útskrifast. Nemendur sem leituðu til námsráðgjafa á skólaárinu eru á breiðu aldursbili en oftast leituðu nemendur á fyrsta ári (fædd 2008) til námsráðgjafa. Á næsta skólaári stefna náms- og starfsráðgjafar á að vera með kennslustofu í verkefnatímum þar sem nemendur geta leitað aðstoðar við áfangaval. Einnig ætla námsráðgjafar að bjóða upp á námskeið fyrir nemendur með sértækan vanda, svo sem prófkvíða, kynningarkvíða o.fl.

Námsráðgjafar taka reglulega út mætingarlista og bjóða þeim viðtöl sem hafa ekki mætt nægilega vel. Einkum til að kanna ástæðu fjarvista og eftir atvikum vinna með nemendum í að bæta mætingu og/eða kalla eftir vottorði ef um langvarandi veikindi er að ræða. Þá er einnig fylgst sérstaklega með nemendum sem eru í þrífallshættu og endurinnrituðum nemendum í bóknámi og eru þeir nemendur kallaðir í viðtöl eftir þörfum.

Á næsta skólaári er mikilvægt að haldið sé betur utan um tölfræði varðandi mætingar í þau viðtöl sem nemendur eru boðaðir í t.d vegna skólasóknar, námsframvindu o.fl. Stefnt er að því að leggja fyrir þjónustukönnun á næsta skólaári.

Sálfræðingur

Einn sálfræðingur starfar innan MK og veitir nemendum skólans ókeypis sálfræðiþjónustu. Hægt er að koma í ráðgjöf, stuðningviðtöl og meðferð við geðrænum vanda. Milli ára (miðað við haustönn 2024 og vorönn 2025 saman sem „ár“) hefur fjöldi viðtala aukist um 8,5%. Miðað við meðalverð sálfræðitíma á stofu í dag (23.500 kr) hefði þjónustan sem nemendur hafa fengið á síðustu tveimur önnum kostað þá rúmlega 10 milljónir. Nemendur hafa greiðan aðgang að sálfræðingi óháð fjárhagsstöðu. Þörf fyrir sálfræðing skólans er vaxandi og því mikilvægt að halda þeirri þjónustu áfram.

Síðustu tvær annir hefur svokallað Hádegishangs verið virkt einu sinni í viku þar sem félagslega einangraðir nemendur geta komið í hádegishléi í stofu þar sem hægt er að sitja og spjalla, borða hádegismat, spila leiki og horfa á þætti. Áhugavert væri að halda betur utan um upplýsingar varðandi Hádegishangsíð og hvernig það nýtist nemendum.

Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfaði með stoðþjónustu MK skólaárið 2024-25. Fjöldi viðtala hjúkrunarfræðings í MK jókst um tæp 80% frá fyrra skólaári. Reynslan sýnir að nemendur nýta sér þjónustu hjúkrunarfræðings þegar hún er sýnileg og aðgengileg. Viðverutími hjúkrunarfræðings er auglýstur á upplýsingaskjám og aðstaða er við hliðina á námsráðgjöfunum. Auðvelt er að bóka tíma á heimasíðu skólans. Það er ljóst að áframhaldandi þróun og efling hjúkrunarþjónustu í framhaldsskólum er bæði tímabær og nauðsynleg – til hagsbóta fyrir nemendur, starfsfólk og samfélagið í heild.

Frábrigði, ábendingar

ISO gæðakerfið er lifandi verkfæri og því taka skjöl þess og vinnulag starfsmanna breytingum jafnt og þétt. Þannig verða stöðugt til nýjar útgáfur af einstökum skjölum kerfisins eftir því sem fram vindur í starfi skólans og ytra umhverfi tekur breytingum. Alls hafa komið fram 14 ný eða breytt skjöl á síðasta skólaári.

Gæðakerfi matvælahluta MK, HACCP

HACCP kerfið (áður GÁMES) er starfrækt sem vottað gæðakerfi í matvælahluta MK. Stöðugt er unnið að uppfærslu á gæðakerfi matvæladeilda sem byggir á gildandi matvælalöggjöf.

Innkaupaeftirlit

Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að nota eingöngu fyrsta flokks hráefni í matvæladeildum skólans; meðal annars með því að skipta við þá birgja sem hafa fengið tilskilin leyfi og hafa tileinkað sér að lágmarki fyrstu skrefin í gæðakerfinu HACCP. Tilgangur innkaupa og móttökueftirlits er að fyrirbyggja að frábrigðavara komist inn í framleiðslu skólans.

Eftirlitið felst í:

- Skoðun á öllu aðkeyptu hráefni og tilbúnum matvælum til matvælaframleiðslu
- Skoðun á öllum tilbúnum réttum til endursölu
- Samskiptum við birgja vegna frávika, skoðun á ferli vöru og aðstæðum
- Skriflegum lýsingum á kröfum um gæði vöru, frágangi hennar og afhendingu
- Ákvörðunum um sýnatöku og sýnatökuáætlun í samráði við fagaðila

Þegar ósk kemur um inntöku á nýjum vöruflokki eða nýrri vöru skal framkvæmdaraðili móttökueftirlits fara í gegnum alla þætti móttökueftirlits áður en varan er samþykkt og tekin inn í matvælaframleiðslu skólans. Um vörur í stöðugri notkun gilda aðrar reglur en um nýjar vörur. Ekki er nauðsynlegt að fara eins ítarlega yfir þær og þegar nýir vöruflokkar eru teknir inn en alltaf verður þó að skoða hvort umbúðir séu órofnar, hreinlæti sé í lagi og hvort hitastig við móttöku sé í lagi.

Græn skref

Menntaskólinn í Kópavogi hefur lokið tveimur fyrstu skrefunum í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og vinnur nú að innleiðingu þriðja skrefsins. Einn liður í því er að kanna stöðu matarsóunar innan stofnunarinnar. Í tengslum við það var gerð tilraun þar sem allar matarleifar úr mötuneyti starfsfólks voru vigtaðar daglega í viku. Niðurstöðurnar voru afar jákvæðar og sýna að matarsóun er í lágmarki. Á næsta skólaári verður vigtunin endurtekin og þá verður bæði matarsóun nemenda og starfsfólks skoðuð. Verkefnið hefur aukið vitund um mikilvægi umhverfismála og styður við markmið stofnunarinnar um sjálfbæra starfsemi.

Húsnæði skólans

Það er markmið Menntaskólans í Kópavogi og í raun forsenda rekstrar að aðstaða skólans, þ.m.t. vinnuumhverfi, byggingar, húsgögn, vinnuaðstaða og aðrir innanstokksmunir, sem og hverskonar tæki og tækjabúnaður, sé fyrir hendi í skólanum, nothæfur og öruggur. Þannig geti nemendur skólans ávallt notið óhindraðrar kennslu bæði í bóknámi og verknámi. Markmið Menntaskólans í Kópavogi er jafnframt að starfsmenn og nemendur skólans njóti heilnæms og hvetjandi vinnuumhverfis þannig að starfsandi og sköpunargleði njóti sín sem best.

Umsjónarmaður skólans gerir árlega úttekt á fyrirhuguðum umbótum og viðhaldi á húsnæði skólans og skráir á þar til gert eyðublað GAT-063. Umsjónarmaður skilgreinir

Það sem fellur undir ábyrgðarsvið Fasteigna ríkisins og það sem fellur undir skólann. Skólameistari í samráði við umsjónarmann kemur viðhaldsáætluninni á framfæri við FR og gengur frá samkomulagi um hvaða þættir verða framkvæmdir og hvenær. Viðhaldsáætlun þessi er lifandi skjal og er formlega yfirfarin á fundum skólameistara með umsjónarmanni fasteigna sem haldnir eru eftir þörfum en einnig á reglulegum rýnifundum sem haldnir eru í lok hverrar annar. Auk almenns viðhalds á húsnæði var aðstaða sérnámsbrautar endurbætt á skólaárinu. Þannig að rými innan sérnámsbrautar var breytt og auka stofa útbúin. Með þessum breytingum var betur hægt að koma til móts við aukinn fjölda nemenda og fjölbreyttan nemendahóp.

Lokaorð

Eins og hér hefur verið dregið saman er fjölbreytt og kraftmikið sjálfsmat og umbótastarf unnið í Menntaskólaum í Kópavogi. Ramminn að öllu gæðastarfi okkar er settur af þremur gæðakerfum, ISO-9001:2015, IST-085:2012 og HACCP sem eru í stöðugri endurskoðun og þróun til samræmis við lifandi skólastarf í MK. Menntaskólinn í Kópavogi hefur sett sér metnaðarfull gæðamarkmið og leitast við að fylgja þeim í öllu sínu starfi. Eins og gæðakerfin sjálf þá eru gæðamarkmið skólans í stöðugri skoðun. Það er skoðun stjórnenda MK að þau verkfæri og viðmiðanir sem gæðakerfi gefa við stjórnun skólans bæti alla stjórnun og skapi þann stöðugleika og reglufestu sem er nauðsynleg öllum stofnunum af þeirri stærðargráðu sem Menntaskólinn í Kópavogi er.